



Við undirrituð, Kópavogsbær kt. 700169-3759, Digranesvegi 1, hér eftir nefndur þjónustukaupi, og Samhjálp félagasamtök kt. 551173-0389, hér eftir nefndur þjónustusali, gerum með okkur eftirfarandi þjónustusamning um rekstur áfangaheimilis að Dalbrekku 27, áður nefnt „Rekstur áfangaheimilis að Nýbýlavegi 30“ í útboðsgögnum.

1. gr. Verksvið

Samningur þessi tekur til verkefnisins “Rekstur áfangaheimilis að Nýbýlavegi 30” eins og það er sett fram í útboðsgögnum, dags. september 2017 og byggir á fyrri samningi milli aðila sem var með gildistíma frá 1.11.2023 til 31.10.2025.

Áfangaheimilið er ekki heimili til langframa heldur tímabundið heimili sem einstaklingur nýtir til að byggja sig upp og takast á við hindranir sem hamla virkni hans og þátttöku í samfélaginu.

Áfangaheimilið er heimili þar sem íbúar fá einstaklingsmiðaða þjónustu sem felur í sér stuðning, leiðsögn, kennslu og eftirfylgd í daglegu lífi. Langtíma markmiðið er að íbúi auki færni sína til sjálfstæðrar búsetu. Þjónustan er einstaklingsmiðuð og áhersla er lögð á að upplýsa íbúa um þá þjónustu sem í boði er og ætla má að nýtist viðkomandi. Samstarf er við velferðarsvið um málefni íbúa og gerð einstaklingsáætlana og hefur félagsráðgjafi velferðarsviðs fasta viðveru á áfangaheimilinu einu sinni í viku að jafnaði. Annan faglegan stuðning og þjónustu skal sækja til velferðarsviðs eða til annarra fagaðila, í samráði við velferðarsvið.

2. gr. Samningsgögn

Framkvæmd þjónustunnar skal vera í samræmi við eftirtalin gögn sem eru hluti þessa samnings, og eru sett fram í mikilvægisröð:

- A. Samningur þessi.
- B. Verktrygging.
- C. Skrifleg samskipti á milli þjónustusala og þjónustukaupa fram að undirritun samnings.
- D. Útboðsgögn er bera nafnið: “ Rekstur áfangaheimilis að Nýbýlavegi 30”.
[D-a. Breyting á fjölda stöðugilda í lið 2.2 úr 3,0 stöðugildum í 1,8 stöðugildi. - Tillaga](#)
- E. Tilboð bjóðanda og fylgigögn, dags. 26.09.2017.

3. gr. Samningstími

- Upphaf samningstíma: 1. nóvember 2025.
- Lok samningstíma: 31. október 2027.
- Lengd samningstíma: 2 ár.

4. gr. Vanefndir

Þjónustusali skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðs- og samningsgagna. Vanefni hann þær, er þjónustukaupa heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum. Telji þjónustukaupi að vinnu þjónustusala eða starfsmanna hans sé ábótavant skal það strax tilkynnt þjónustusala skriflega.

Verði þjónustukaupi fyrir tjóni af völdum vanefnda þjónustusala er þjónustusali að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga.

Leiti þjónustusali nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé úrskurðaður gjaldþrota, eða er andlag árangurslauss fjárnáms getur þjónustukaupi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu þjónustusala að ræða getur þjónustukaupi sagt upp samningi án fyrirvara.

5. gr. Samningsfjárhæð og greiðslur

Samningsfjárhæð til 1. mars 2026 er kr. 3.438.8903-098-200,- á mánuði. Miðað er við birta launavísitölu í september 2025 hjá Hagstofunni sem var 1.096,4. Frá 1. mars 2026 er samningsfjárhæð kr. 2.063.334,- (m.v.lvíð sept 2025) á mánuði vegna fækkunar stöðugilda úr 3,0 í 1,8. Samningsfjárhæð tekur breytingum á sex mánaða fresti og skal uppreikningur miða við launavísitölugildi tvo mánuði aftur í tímann.

~~og er samningsfjárhæð tengd launavísitölu sem uppreiknast á sex mánaða fresti á samningstímanum. Miðað er við birta launavísitölu í september 2023 hjá Hagstofunni sem var 958,5.~~

Þjónustukaupi mun greiða mánaðarlega fyrir þjónustuna og verður þjónustusali að framvísa reikningi fyrir 15. þess mánaðar sem innheimt er fyrir. ~~Verðlagsgrundvöllur og greiðslur samnings eru eins og greinir í kafla 1.2.9 og 1.2.10 í útboðs- og verklýsingu.~~ Reikningar þjónustusala skulu vera rafrænir, það er að segja reikningar sem viðskiptakerfi Kópavogsbæjar getur lesið inn. Þjónustukaupi áskilur sér 20 daga greiðslufrest.

6. gr. Ábyrgð og tryggingar

Þjónustusali ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með töldum verkum mögulegra undirverktaka og auk þess tjóni er þjónustukaupi eða þriðji aðili kunna að verða fyrir við framkvæmd þess.

Þjónustusali skal kaupa allar skyldutryggingar sem lög og reglugerðir kveða á um. Enn fremur skal þjónustusali að lágmarki kaupa eftirtaldar tryggingar:

- Ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem þriðji aðili kann að verða fyrir vegna starfsemi þjónustusala og vinnu starfsmanna hans.
- Þjónustusali skal kaupa allar tryggingar vegna starfsmanna sinna í samræmi við ákvæði kjarasamninga.

Ef þjónustusali kys að kaupa ekki slíkar tryggingar, skal hann tryggja rekstraröryggi með sama hætti og tryggingarnar gera ráð fyrir. Þjónustusali skal gera grein fyrir hvernig hann hyggst standa að þessum málum við undirritun þjónustusamnings.

Enn fremur er þjónustusala bent á að kaupa sér rekstrarstöðvunartryggingu og tryggingu á lausafé, sem tryggir hann fyrir tjóni af völdum innbrotá o.fl

Þjónustusali skal sjá til þess að mögulegir undirverktakar hans kaupi tryggingar með sama hætti ef þeir sinna tilgreindum verkþáttum.

Þjónustusali skal afhenda þjónustukaupa afrit af öllum tryggingarskírteinum og greiðslukvittunum fyrir iðgjöld, verði þess óskað.

7. gr. Skuldskeyting – undirverktakar

Þjónustusala er óheimilt, án samþykkis þjónustukaupa, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Ef þjónustusali felur undirverktaka að taka að sér einstaka þætti skal tilkynna það þjónustukaupa skriflega og breytast í engu skyldur þjónustusala gagnvart þjónustukaupa. Sjá einnig útboðsgögn.

8. gr. Verktryggingar

Vegna þjónustunnar sem framkvæmd er samkvæmt útboðsgögnum leggur þjónustusali fram þjónustutryggingu gefna út af viðurkenndri fjármálastofnun sem nemur kr. 2.710.126,-.

9. gr. Umsögn um þjónustu þjónustusala

Ef þjónustukaupi kvartar yfir þjónustunni ber þjónustusala að gera allt sem í hans valdi stendur til að bæta úr því. Allar kvartanir skráir þjónustusali í gæðahandbók sem ávallt er á verkstað eða með öðrum sambærilegum hætti.

Sama gildir um ánægju með þjónustuna en því skal jafnframt komið á framfæri.

10. gr.
Uppsagnarákvæði

Samningi þessum verður eigi sagt öðruvísi upp en skriflega og skal slíkt miðað við mánaðamót. Uppsagnarfrestur er sex mánuðir á samningstímanum. Uppsagnarskilmálar eru gagnkvæmir.

11. gr.
Umsjón þjónustunnar og starfsfólk þjónustusala

Ábyrgðaraðili þjónustunnar er Natalie T. Narvaéz Antonsdóttir og ber hún ábyrgð á framkvæmd þjónustunnar og samskiptum henni tengdri. Umsjónaraðili þjónustukaupa er skrifstofustjóri félagslegra leiguíbúða. Ábyrgðaraðili þjónustusala skal hafa að minnsta kosti þriggja ára reynslu af vinnu og stjórnun í búsetuúrræðum / áfangaheimilum og áskilur þjónustukaupi sér rétt að hafna starfsmanni sem hann telur ekki fullnægja þessu skilyrði að undangenginni athugun.

Starfsfólk þjónustusala skal gæta fyllsta trúnaðar varðandi öll þau málefni er varða þjónustukaupa og íbúa á áfangaheimilinu. Með þetta að markmiði mun þjónustusali einungis ráða sér starfsfólk er getur m.a. framvísað hreinu sakavottorði og hefur undirritað sérstakan trúnaðareið við vinnuveitanda sinn.

12. gr.
Samskipti

Þjónustusali og þjónustukaupi skulu halda mánaðarlega fundi að jafnaði. Vandamál sem upp kunna að koma skulu leyst á fundunum. Halda skal skriflega fundargerð.

Ábyrgðaraðili þjónustu og umsjónaraðili þjónustukaupa skulu boða til fundar einu sinni á ári að vori með stjórnendum þjónustusala og þjónustukaupa til að fara yfir framkvæmd þjónustusamnings og ákvæði útboðs- og samningsgagna.

13. gr.
Ágreiningsmál

Komi upp alvarleg ágreiningsmál um framkvæmd samnings þessa á samningstíma, skulu aðilar hvor um sig tilnefna einn fulltrúa, sem í sameiningu skulu leitast við að leysa úr slíkum ágreiningi. Fáist ekki úrlausn ágreiningsmála með þessum hætti, skulu aðilar leita til Héraðsdóms Reykjaness.

14. gr.
Frumrit samnings

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum á þremur síðum, eitt handa hvorum samningsaðila.

Kópavogi, _____
dagsetning

F.h. þjónustukaupa

F.h. þjónustusala

Vottar að réttri dagsetningu og undirskriftum:

_____ kt. _____

_____ kt. _____